

Menntaskólinn að Laugarvatni

Ytra mat á vorönn 2018



Unnið fyrir mennta- og menningarmálaráðuneyti
Védís Grönvold og Þórir Ólafsson

Ytra mat á starfsemi Menntaskólans að Laugarvatni á vorönn 2018
Skýrsla unnin fyrir mennta- og menningarmálaráðuneyti

Védís Grönvold
Þórir Ólafsson
Forsíðumynd tók Þórir Ólafsson
ISBN 978-9979-0-2224-4

Heildarniðurstöður

Menntaskólinn að Laugarvatni (ML) er bóknámsskóli með bekkjakerfi og langa sögu sem menntaskóli í dreifbýli. Nemendur hans koma víða að og flestir þeirra búa á heimavist skólans.

Einkunnarorð ML eru manngildi, þekking og atorka. Meginmarkmið skólans eru að búa nemendur undir framhaldsnám og undir þátttöku í lýðræðisþjóðfélagi. Æskilegt er að skólinn endurskoði markmiðin, samræmi áherslur og skoði hvernig innra mat getur stutt stefnu skólans.

ML hefur á að skipa vel menntuðum kennurum. Skólinn hvetur kennara til nýbreytni í starfi og styður þá við að afla sér aukinnar menntunar.

Kennsluhættir eru fjölbreyttir og skipulag sem dreifir álagi á nemendur, vinnustund, hefur reynst vel. Námsmat er fjölbreytt og undanfarið hefur vaxandi áhersla verið lögð á símat. Framsetningu kennsluáætlananna þarf að endurskoða og samræma.

Góður vinnufriður er í kennslustundum og nemendur eru ánægðir með kennara sína. Skylduáfangi í kynjafræði á báðum námsbrautum skólans styður við grunnþátt aðalnámskrár framhaldsskóla um jafnrétti.

Skólameistari nýtur trausts sem leiðtogi skólastarfsins og vel er látið af samskiptum hans og samstarfsvilja við samstarfsfólk og nemendur. Yfirbygging skólans er lítil og boðleiðir skýrar og greiðar.

Námsframboð og skipulag námsbrauta er vel sniðið að þeim nemendafjölda sem skólinn rúmar og aðsókn er góð. Skólastarfið er að því leyti í góðu jafnvægi.

Vel er tekið á móti nýjum nemendum í ML, nemendum líður þar almennt vel og reglulega er fylgst með líðan þeirra. Starf umsjónarkennara hefur reynst mikilvægt en nefnt var að greiðara aðgengi nemenda að þjónustu sálfræðings væri æskilegt. Stuðningur við nemendur í námi er mikill og byggist ekki síst á jákvæðum samskiptum nemenda og kennara í fámennum skóla. Einstaklega vel er vakað yfir velferð nemenda á heimavist.

ML er heilsueflandi framhaldsskóli samkvæmt skilgreiningu Landlæknisembættisins. Mötuneyti skólans tekur mið af því og áfangar í útivist og almenn íþróttaiðkun nemenda styrkir skólann í því verkefni.

Foreldrafélag ML er virkt og í góðum tengslum við foreldra og skólann sem leggur sig fram um að styðja við starf félagsins.

Félagslíf nemenda í ML er þróttmikið og þátttaka almenn. Skólayfirvöld styðja vel við félagslíf nemenda og eiga farsæl samskipti við stjórn nemendafélagsins. Öflugur skólakór setur sterkan svip á skólalífið.

Aðstaða til kennslu og annars skólastarfs í ML er almennt góð og hefur eldra húsnæði um margt verið lagað að breyttum kröfum. Vel búið bókasafn er í skólanum með góðri vinnuáðstöðu fyrir nemendur. Íþróttaaðstaða er til fyrirmyndar. Mjög vel er gengið um húsnæði skólans. Huga þarf að úrbótum á þráðlausu neti og félagsrými nemenda.

ML fær góða einkunn sem vinnustaður hjá þeim sem þar starfa og samskipti eru sögð einkennast af samheldni, hjálpssemi og gleði.

Efnisyfirlit

Heildarniðurstöður	2
Inngangur.....	4
Menntaskólinn að Laugarvatni	5
Niðurstöður ytra mats	10
Þáttur 1: Stjórnun og skipulag	11
1.1. Um stefnu og áætlanir	11
1.2. Um stjórnendur.....	12
1.3. Um skipulag, verkferla og verklagsreglur	12
1.4. Um innra mat	13
Þáttur 2: Kennsla og námsframboð	14
2.1. Um nám og kennslu	14
2.2. Um kennsluaðstæður/stuðning við nemendur	15
2.3. Um námsmat.....	15
2.4. Um kennara.....	16
2.5. Um námsgögn	16
Þáttur 3: Samskipti og líðan.....	17
3.1. Um skólabrag	17
3.2. Um samskipti í skólastofunni	17
3.3. Um félagslíf nemenda	18
3.4. Um samskipti við foreldra/forráðamenn	18
3.5. Um samstarf við önnur skólastig og atvinnulíf.....	18
Þáttur 4: Húsnæði og aðbúnaður	19
Þáttur 5: Lykilárangur	20
5.1. Um námsárangur	20
5.2. Um árangur í grunnþáttum	20
5.3. Um langtímaárangur	21
Viðaukar – Greinargerð matsmanna.....	22
Umfjöllun um stjórnun og skipulag	22
Umfjöllun um kennslu og námsframboð.....	24
Umfjöllun um samskipti og líðan.....	27
Umfjöllun um húsnæði og aðbúnað	29
Umfjöllun um lykilárangur.....	31
Heimildir og tilvísanir	33

Inngangur

Í skýrslu þessari er fjallað um ytra mat á starfsemi Menntaskólans að Laugarvatni sem fram fór á vorönn 2018. Matið er liður í eftirliti mennta- og menningarmálaráðuneytis með starfsemi framhaldsskóla en Menntamálastofnun annast framkvæmd ytra matsins fyrir ráðuneytið. Stofnunin réð Védísi Grönvold og Þóri Ólafsson sem matsmenn og eru þau jafnframt höfundar þessarar skýrslu. Þau hófu vinnu við matið í janúar 2018.

Skýrslan hefst á tölulegum upplýsingum um starfsemi skólans. Í öðrum hluta er matslisti þar sem sjá má niðurstöður bæði skólans og matsmanna. Aftan við matslistana eru viðaukar þar sem finna má rök fyrir svörum matsmanna við spurningum í matslistum. Aftast í skýrslunni er svo heimildaskrá þar sem gerð er grein fyrir þeim gögnum sem matsmenn lögðu til grundvallar.

Í nóvember 2017 sendi Menntamálastofnun skólanum bréf um fyrirhugað ytra mat og var honum falið að skipuleggja vinnu við sjálfsmat með hliðsjón af því. Sjálfsmat skólans sem hér er fjallað um byggist m.a. á mati út frá 78 viðmiðum og vísbendingum um gæði skólastarfs sem mennta- og menningarmálaráðuneyti hefur sett. Viðmiðin varða fimm þætti skólastarfs; stjórnun og skipulag, kennslu og námsframboð, samskipti og líðan, húsnæði og aðbúnað og lykilárangur. Hverri vísbendingu er gefin einkunn á fjögurra stiga kvarða. Matsmenn gefa skólanum einkunnir fyrir sömu þætti og birtast þær einnig í niðurstöðum matsins. Þannig er ytra matinu að hluta til ætlað að sannreyna hvort niðurstöður skólans eigi við rök að styðjast.

Helstu gögn sem matsmenn nýttu við ytra matið voru:

- **Ýmsar tölulegar upplýsingar og gögn sem skólinn lagði til að ósk matsmanna.** Þar má nefna upplýsingar um námsframboð, nemendur, starfstíma, starfsfólk, starfsmannaveltu, menntun kennara, fjarvistir nemenda og brotthvarf, forfallakennslu, brautskráningar, samninga og skýrslur.
- **Vefur skólans (www.ml.is).** Á vefinn voru sótt ýmis gögn er varða sýn skólans og stefnu, skipulag náms og starfshætti.
- **Vettvangsheimsóknir.** Matsmenn gengu um skólann á kennslutíma í fylgd skólameistara, litu við í kennslustundum og ræddu við nemendur og kennara.
- **Umræður í rýnihópum og samtöl við einstaklinga.** Valið var í rýnihópa nemenda og starfsmanna með stýrðu slembivali en allir kennara í fullu starfi voru boðaðir í viðtal. Skólinn sá um að boða viðmælendur. Rætt var við stjórnendur (skólameistara og áfangastjóra), kennara (tveir hópar), einn hóp annarra starfsmanna, tvo hópa nemenda, stjórn nemendafélagsins, fulltrúa úr stjórn foreldrafélags og formann skólanefndar. Viðmælendur voru 49.

Á grundvelli þessa fór fram greining gagna. Matsmenn gáfu einkunnir með hliðsjón af þeim upplýsingum sem greiningin leiddi í ljós. Rökstuðning fyrir niðurstöðum má sjá í viðaukum skýrslunnar.

Matsmenn þakka öllum sem lögðu þeim lið við ytra mat á Menntaskólanum að Laugarvatni. Margir komu að matinu og aðstoðuðu með ýmsum hætti svo sem við skipulagningu, boðun í viðtöl, með því að veita viðtöl eða taka þátt í starfi rýnihópa auk þess að leggja til margvísleg gögn og upplýsingar.

Menntaskólinn að Laugarvatni

Menntaskólinn að Laugarvatni (ML) er við Laugarvatn í Árnessýslu. Frá árinu 1947 voru nemendur skólans brautskráðir sem stúdentar í samstarfi við Menntaskólann í Reykjavík en árið 1953 var þar formlega stofnaður sjálfstætt starfandi skóli, Menntaskólinn að Laugarvatni. ML var fyrsti menntaskólinn sem staðsettur var í dreifbýli á Íslandi. Fyrsti skólameistari skólans valdi honum einkunnarorðin *manngildi, þekking, atorka*, inntak hugtaksins "humanismus". Einkunnarorðin eru enn hluti af merki skólans.

Elsti hluti skólahúsnæðis ML stendur við vatnið í reisulegri byggingu sem Guðjón Samúelsson, þáverandi húsameistari ríkisins, teiknaði. Á árunum 1966-1969 voru reist tvö heimavistarhús við skólann. Viðbygging með aðstöðu fyrir raungreinakennslu ásamt fyrirlestrasal og snyrtiaðstöðu var tekin í notkun 1972-1973 og 1996 var reist hæð ofan á viðbygginguna. Þar eru heimavistarherbergi og setustofa. Mötuneyti skólans var tekið í notkun árið 1970 og var endurnýjað frá grunni 1997-1998. Bókasafn var lengst af í kennslustofu í skólanum en árið 1996 var það flutt í hús Héraðsskólans á Laugarvatni og sameinað bókasafni hans. Síðar bættust við bókasafn Laugardalshrepps og bókasafn Húsmæðraskólans að Laugarvatni. Bókasafnið var flutt aftur í ML haustið 2006 í aðstöðu á efstu hæð skólahússins.

Menntaskólinn að Laugarvatni starfar á grundvelli laga um framhaldsskóla nr. 92 frá árinu 2008 og aðalnámskrár framhaldsskóla frá 2011. Auk einkunnarorðanna *manngildi, þekking, atorka* hefur skólinn sett sér tvö aðalmarkmið, að búa nemendur annars vegar undir framhaldsnám og hins vegar undir þátttöku í lýðræðisþjóðfélagi.

Skólinn starfar eftir bekkjakerfi og þar verða á næsta skólaári starfræktar tvær þriggja ára bóknámsbrautir til stúdentsprófs. Nú, vorið 2018, munu tveir hópar útskrifast saman, síðasti hópurinn sem stundaði nám til stúdentsprófs á fjórum árum og fyrsti hópurinn sem lýkur námi til stúdentsprófs á þremur árum. Undanfarið hefur því hliðstætt nám verið kennt samkvæmt tveimur mismunandi kerfum með aukinni fyrirhöfn og álagi á skólastarfið en nú sér fyrir endann á því.

Nemendur ML koma víða að en flestir eiga lögheimili á Suðurlandi. Nánast allir nemendur búa á heimavist skólans og setur það svip sinn á skólalífið.

Nemendur og nám

Menntaskólinn að Laugarvatni er bóknámsskóli með tvær námsbrautir til stúdentsprófs. Annars vegar er félags- og hugvísindabraut og hins vegar náttúruvísindabraut. Skólaárið 2015-2016 var skipulagi námsins breytt úr fjögurra ára námi í þriggja ára nám.

Félags- og hugvísindabraut

Á félags- og hugvísindabraut er áhersla lögð á kjarnagreinar og sérgreinar í félagsvísindum og hugvísindum s.s. félagsfræði, sögu, sálfræði og heimspeki. Nám á brautinni er undirbúningur fyrir háskólanám, ekki síst á sviði félagsvísinda, hugvísinda og íslensku.

Náttúruvísindabraut

Á náttúruvísindabraut er lögð áhersla á kjarnagreinar auk sérgreina brautarinnar í stærðfræði og raungreinum s.s. líffræði, jarðfræði, efnafræði og eðlisfræði. Brautin er undirbúningur fyrir háskólanám m.a. í tæknigreinum, náttúruvísindum, stærðfræði og heilbrigðisvísindum.

Í töflu 1 má sjá skiptingu nemenda á námsbrautir í ML eftir kyni. Einnig eru nemendur þar flokkaðir eftir því hvort þeir stunda nám til stúdentsprófs samkvæmt þriggja eða fjögurra ára skipulagi. Athygli vekur að stúlkur eru umtalsvert fleiri en drengir.

Tafla 1. Fjöldi nemenda í ML eftir námsbrautum og kyni haust 2017

Námsbrautir	kk	kvk
Félagsfræðibraut, 4 ár	6	10
Náttúrufræðibraut, 4 ár	3	3
Félags- og hugvísindabraut, 3 ár	25	48
Náttúruvísindabraut, 3 ár	36	42
Alls	70	103


Samkvæmt skólasamningi ML við mennta- og menningarmálaráðuneytið er það markmið skólans að þar séu að jafnaði á bilinu 140-160 nemendur. Eins og sjá má í töflu 2 þá hefur fjöldi nemenda verið á þessu bili síðastliðin fimm ár. Breyting námsins í þriggja ára nám skýrir að hluta þann fjölda sem var í skólanum haustið 2017.

Tafla 2. Fjöldi nemenda að hausti 2013–2017 eftir kyni

Ár	Karlar	Konur	Alls
2013	83	89	172
2014	75	67	142
2015	75	76	151
2016	74	79	153
2017	70	103	173


Á myndi 1 má sjá fjölda nýnema í ML síðustu fimm ár greindan eftir kyni. Flestir nýnemar skólans eru á fyrsta ári en mynd 1 telur til nýnema bæði þá sem hefja nám á fyrsta ári og þá sem hefja nám á síðari stigum. Skólinn miðar við að á hverju námsári séu um 50 nemendur sem skiptast jafnt á námsbrautirnar tvær. Athygli vekur að stúlkur eru mun fleiri en drengir í hópi nýnema haustið 2017.

Mynd 1. Fjöldi nýnema að hausti frá 2013–2017 eftir kyni (nýir nemendur í öllum bekkjum)




Nemendur ML koma víða að eins og sjá má á mynd 2. Skólinn leggur sérstaka áherslu á að kynna starfsemi sína á Suðurlandi enda koma flestir nemendanna þaðan.

Mynd 2. Hvaðan koma nemendur Menntaskólans að Laugarvatni?



Á haustönn 2017 voru nemendur alls 173, drengir 70 og stúlkur 103. Á mynd 3 má sjá að í tveimur yngstu aldurshópunum eru nokkuð fleiri stúlkur. Einnig má sjá að flestir nemendanna eru fæddir á árunum 1998 til 2001 eins og gera má ráð fyrir í framhaldsskóla með bekkjakerfi.

Mynd 3. Fjöldi nemenda á haustönn 2017 eftir fæðingarári og kyni



Skólaárið 2016-2017 var meðalstærð námshópa í ML 16,5 nemendur en 17,7 á haustönn 2017.

Í töflu 3 má sjá fjölda brautskráðra nemenda frá Menntaskólanum að Laugarvatni eftir námsbrautum árin 2013 til 2017. Alls voru þeir 175 á tímabilinu.

Tafla 3. Fjöldi brautskráðra nemenda frá ML eftir námsbrautum 2013-2017

Námsbraut	2013	2014	2015	2016	2017	Alls
Náttúrufræðibraut	22	16	16	21	14	89
Félagsfræðibraut	14	19	16	23	14	86
Alls	36	35	32	44	28	175

Árlegur starfstími

Skólaárið 2016-2017 voru vinnudagar nemenda 181, vinnudagar kennara 187 og námsmatsdagar 22.

Kennslustundir á haustönn 2017 voru áætlaðar 4.945. Þar af töpuðust vegna forfalla 431 kennslustund samkvæmt gögnum skólans. Það eru 8,7% af kennslustundafjölda annarinnar.

Starfsfólk

Á vorönn 2018 voru 39 starfsmenn taldir upp á vef skólans. Skiptingu starfa má sjá í töflu 4. Hún gefur þó ekki fyllilega rétta mynd af fjölda starfsfólks í skólanum þar sem nokkrir starfsmenn hafa fleiri en eitt starfsheiti. Stöðugildi við skólann eru um 32. Í yfirstjórn skólans eru skólameistari og áfangastjóri í 75% stöðu. Áfangastjóri er jafnframt staðgengill skólameistara. Starfsmannvelta í skólanum er fremur lítil eða 8% að meðaltali síðastliðin fimm ár.

Tafla 4. Starfsfólk ML á vorönn 2018

Starfsheiti	Karlar		Konur	
	Fjöldi	Stöðugildi	Fjöldi	Stöðugildi
Skólameistari	1	1,0		
Áfangastjóri			1	0,75
Fjármálastjóri			1	0,4
Framhaldsskólakennarar	6	5,2	11	8,8
Leiðbeinendur			1	0,5
Kerfisfræðingur			1	0,5
Náms- og starfsráðgjafi			1	0,5
Bókasafnsfræðingur			1	0,6
Skólaritari/fulltrúi			1	0,8
Umsj. fasteigna og húsb.	1	1,0		
Húsfreyja			1	0,5
Vistarverðir	1	0,5	1	0,5
Ræstitæknar	2	1,3	5	2,85
Bryti/matreiðslumeistari	1	1,0		
Aðstoðarmatráður	3	3	1	1
Þvottatæknar			2	1,73
Samtals	15	13	28	19,43

Í ML hafa 71% kennara lokið meistaraprófi í fræðigrein. Í töflu 5 má sjá upplýsingar um menntun kennara sem störfuðu við skólann á vorönn 2017.

Tafla 5. Menntun kennara í ML á vorönn 2017

Menntun	Fjöldi
MA/MS/M.Ed. -próf auk kennsluréttinda	12
BA/BS-próf auk kennsluréttinda	5
Háskólapróf án kennsluréttinda	1
Kennarar alls	18

Meðallífdur allra kennara ML 31. desember 2017 var 41,4 ár sem er umtalsvert lægra en meðalaldur íslenskra framhaldsskólakennara. Meðalstarfsaldur fastráðinna kennara við skólann er 8 ár.

Niðurstöður ytra mats

Mennta- og menningarmálaráðuneyti skilgreinir og gefur út leiðbeiningar um ytra mat í framhaldsskólum fyrir matsmenn. Þar er að finna ákvæði um gögn og aðferðarfræði matsins, einkunnagjöf og frágang matsskýrslu. Einnig eru þar settir fram fimm þættir eða viðmið og vísbendingar um gæði skólstarfs. Matsþættirnir eru:

1. Stjórnun og skipulag.
2. Kennsla og námsframboð.
3. Samskipti og líðan.
4. Húsnæði og aðbúnaður.
5. Lykilárangur.

Greindir eru styrkleikar og veikleikar hvers þáttar í skólstarfinu og einkunnir gefnar fyrir einstakar vísbendingar um hvern þátt. Vísbendingar sem metnar eru til einkunna eru alls 78. Við matið skal taka mið af eftirfarandi fjögurra bila kvarða:

(A) Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega kröfum laga, reglugerða og aðalnámskrár

(B) Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lög, reglugerðir og aðalnámskrá

(C) Uppfyllir lágmarksviðmið um verklag en margir þættir þarfnast úrbóta

(D) Óviðunandi verklag, þarfnast gagngerrar endurskoðunar

Skóli hefur sjálfur í aðdraganda ytra mats metið stöðu sína með sömu viðmiðum og vísbendingum og matsmenn nota. Ytra matinu er að hluta ætlað að sannreyna sjálfsmat skólans. Niðurstöður eru settar fram á þann hátt að mat skólans er merkt „S“ og ytra mat matsmanna er merkt „M“. Þegar aðilar eru sammála um matið er „SM“ skráð í viðkomandi reit.

Matsmenn leggja ekki mat á vísbendingar númer 70, 71, 72, 73, 74, 75, 76 og 77 en í viðauka er gerð grein fyrir því. Vísbending númer 30 á ekki við um ML.

Viðmið og vísendingar

Þáttur 1: Stjórnun og skipulag

Stjórnendur sem leiðtogar eiga að tryggja að stofnunin sé drifin áfram með skýru hlutverki, framtíðarsýn og grunnildum. Leiðtogar þróa, innleiða og vakta stjórnkerfi stofnunarinnar. Viðeigandi skipulag og skýr ábyrgð fyrir starfsmenn, ásamt vel skilgreindum stjórnunar-, stoð- og lykilferlum, eiga að tryggja að stefna stofnunarinnar komist með skilvirkum hætti í framkvæmd. Leiðtogar eru ábyrgir fyrir því að viðhalda og bæta árangur sem náðst hefur m.a. með því að koma á ferli stöðugra umbóta og skapa menningu sem er opin fyrir nýsköpun og lærdómi.

Mat á stjórnun og skipulagi:

1.1. Um stefnu og áætlanir

Skólinn setur sér markmið sem byggjast á lögbundnu hlutverki hans og stefnu eins og lýst er í skólanámskrá og umbótaáætlunum í samræmi við niðurstöður úr innra mati á starfsemi hans. Í skólanámskrá er fjallað um stefnu skólans og framtíðarsýn, auk sérstöðu hans, eða sérstakar áherslur í starfi, t.d. með hliðsjón af staðháttum eða þjónustu við tiltekna markhópa. Skólameistari vinnur að stefnumótun og gerð starfs- og fjárhagsáætlunar fyrir skólann til þriggja ára í senn og ber undir skólanefnd. Þar skal skilgreina nánar meginmarkmið og verkefni skólans. Markmið skólans á því tímabili snerta alla mikilvægustu þætti starfseminnar, þar á meðal nemendur, námsframboð, nám, gæði kennslu, stoðþjónustu, stjórnun, starfsmannahald og fjármál. Í skólanámskrá er gerð grein fyrir áherslum skólans og leiðum til að stuðla að góðum skólabrag, þ.á m. með tilliti til grunnþáttanna sex: heilbrigðis og velferðar, lýðræðis og mannréttinda, jafnréttis, sköpunar, sjálfbærni og læsis í viðum skilningi.

Vísendingar

	A	B	C	D
1. Skólinn hefur skýra framtíðarsýn og skólastefnu.		SM		
2. Stefna skólans endurspeglast í öllum starfsháttum hans.		SM		
3. Áætlanir um það hvernig skólinn hyggst koma stefnu sinni í framkvæmd eru til staðar.		SM		
4. Það fer fram víðtækt samráð innan skólans um stefnumótun og áætlanagerð.		SM		
5. Grunnþættir menntunar eru sýnilegir í stefnu og megináherslum skólans.			SM	

1.2. Um stjórnendur

Með framkomu sinni og stjórnunarháttum hvetja stjórnendur starfsmenn og styðja við bakið á þeim. Sem fyrirmyndir velta stjórnendur fyrir sér settum markmiðum og gildum og hvetja starfsmenn til að gera slíkt hið sama. Gagnsær stjórnunarstíll sem byggist á gagnkvæmri endurgjöf, trausti og opnum samskiptum stuðlar að bættum árangri stofnunar.

Vísbendingar

	A	B	C	D
6. Skólameistari gegnir skýru faglegu leiðtogahlutverki í skólanum.	SM			
7. Það ríkir traust til stjórnenda innan skólans.	SM			
8. Stjórnendur virkja starfsfólk til samstarfs um stefnu skólans og hvernig hún skuli framkvæmd.		SM		
9. Stjórnendur virkja nemendur og foreldra til samstarfs um stefnu skólans og hvernig hún skuli framkvæmd.		SM		
10. Stjórnendur vinna að því að skapa traust milli sín og starfsmanna.	SM			

1.3. Um skipulag, verkferla og verklagsreglur

Stjórnendur koma stefnum og áætlunum í framkvæmd með því að forgangsráða, setja tímamörk, sjá til þess að til staðar séu viðeigandi ferli, skilgreind verkefni og stjórnskipulag. Í skólanámskrá skulu vera verklagsreglur sem gilda um meðferð og úrlausn mála, þar á meðal varðandi námsmat, fjarvistir, veikindi og sérúrræði, skólasókn og námsframvindu. Þar skulu einnig vera upplýsingar um viðurlög við brotum á skólareglum og reglur um meðferð ágreiningsmála og beitingu viðurlaga.

Vísbendingar

	A	B	C	D
11. Skipurit skólans endurspeglar raunverulega ábyrgðar- og verkaskiptingu starfsfólks.	SM			
12. Stefnan í skólanámskrá endurspeglast í starfsháttum skólans.		SM		
13. Reglulega er fylgst með því að unnið sé samkvæmt verklagsreglum skólans.		SM		

1.4. Um innra mat

Hver skóli þróar aðferðir sem taka mið af sérstöðu skólans, til að meta hvort og að hve miklu leyti markmiðunum hans hefur verið náð. Innra mat hvers skóla byggist á kerfisbundinni aðferð sem lýst er í skólanámskrá. Í starfsáætlun/sjálfsmatsáætlun skólans fyrir hvert skólaár kemur síðan fram hvaða þættir eru viðfangsefni innra mats. Til að leggja megi raunhæft mat á skólastarfið þarf að afla upplýsinga um það með margvíslegum hætti. Á grundvelli fjölbreyttra gagna er lagður grunnur að innra mati skólans. Leggja skal áherslu á virka þátttöku starfsfólks, nemenda, foreldra og annarra hagsmunaaðila eftir því sem á við.

Vísbendingar

	A	B	C	D
14. Skólinn hefur skilgreint skýr matsviðmið til nota við innra mat.	S	M		
15. Innra mat byggir á fjölbreyttri gagnaöflun og greiningu gagnanna.		SM		
17. Innra mat byggir á þátttöku allra hagsmunaaðila skólasamfélagsins.	SM			
18. Líðan nemenda er markvisst könnuð.	SM			
19. Innra mat skólans leiðir til skýrrar niðurstöðu um styrkleika og veikleika skólastarfsins.	S	M		
20. Niðurstöður innra mats eru markvisst notaðar við að þróa skólann.		SM		

Þáttur 2: Kennsla og námsframboð

Fjölbreytilegt námsumhverfi, sem er hvetjandi og styðjandi fyrir nemendur, er ein forsenda þess að nemendur eigi þess kost að tileinka sér lykilhæfni sem til dæmis lýtur að sjálfsþekkingu, sjálfstæði, frumkvæði og skapandi hugsun. Kennsluhættir þurfa að veita öllum nemendum tækifæri til að nýta hæfileika sína og gefa þeim kost á að fá endurgjöf á vinnu sína. Fjölbreytni í vinnubrögðum og kennsluaðferðum er ein forsenda þess að nemendur öðlist margvíslega hæfni. Mikilvægt er að hafa í huga að mismunandi hæfniviðmiðum er hægt að ná á margvíslegan hátt og að sömu aðferðir henta ekki öllum nemendum jafn vel. Þá mega kennsluhættir ekki mismuna nemendum eftir kynferði, búsetu, uppruna, litarhætti, fötlun, trúarbrögðum, kynhneigð eða félagslegri stöðu.

Mat á kennslu og námsframboði:

2.1. Um nám og kennslu

Í framhaldsskólum gefst nemendum kostur á að velja sér fjölbreyttar námsbrautir sem veita margs konar undirbúning og réttindi á sviði almenns náms, listnáms, bóknáms og starfsnáms. Kennsluhættir þurfa að veita öllum nemendum tækifæri til að nýta hæfileika sína og gefa þeim kost á að fá endurgjöf á vinnu sína. Áhersla á hæfni nemenda að loknu námi krefst þess að nýttar séu fjölbreyttar leiðir til að meta hæfni nemenda og veita þeim leiðsögn í átt að settu marki. Fjölbreytni í vinnubrögðum og kennsluaðferðum er ein forsenda þess að nemendur öðlist margvíslega hæfni. Til að öðlast lykilhæfni þurfa nemendum að gefast ríkuleg tækifæri til að fást við mismunandi viðfangsefni sem tengja má starfsumhverfi og daglegu lífi. Í öllu skólastarfi, bæði í og utan kennslustunda, þarf að styrkja nemendur til að móta sér skoðanir, viðhorf og hæfni bæði almennt og á tilteknum sviðum.

Vísbendingar

	A	B	C	D
21. Skólinn hefur yfir að ráða fagmenntuðum kennurum til að kenna áfanga á námsbrautum skólans.	SM			
22. Kennsluhættir eru fjölbreyttir.	M	S		
23. Kennsluhættir eru til þess fallnir að koma til móts við ólíka nemendur og ólík viðfangsefni í kennslu.	M	S		
24. Kennslustundir eru vel skipulagðar og kennslutíminn vel nýttur.		SM		
25. Kennsluhættir hvetja til virkrar þátttöku nemenda í kennslustundum.		SM		
26. Kennsluhættir ýta undir sjálfstæð vinnubrögð nemenda.		SM		
27. Nemendur eru þjálfaðir í að hugsa á gagnrýninn hátt, tjá sig og koma sjónarmiðum sínum á framfæri.		SM		
28. Góður vinnufriður er í kennslustundum.		SM		

2.2. Um kennsluaðstæður/stuðning við nemendur

Mikilvægt er að veita nemendum með sérþarfir kennslu og þann stuðning sem þeir þurfa á að halda og tæk eru á að veita, samanber gildandi reglugerð um nemendur með sérþarfir. Það er ýmist gert með því að bjóða fram nám á námsbrautum fyrir fatlaða eða veita þeim sérstakan stuðning á öðrum námsbrautum framhaldsskóla. Vinnustaðanám og starfsþjálfun eiga að veita nemendum mikilvæg tækifæri til að hagnýta þekkingu sína og leikni og öðlast þar með hæfni til þátttöku í atvinnulífinu.

Vísbendingar

	A	B	C	D
29. Nemendur með sérþarfir fá nauðsynlegan stuðning og þjónustu til að stunda nám.		M	S	
30. Skólinn aðstoðar starfsnámsnemendur við að komast í starfsþjálfun.				

2.3. Um námsmat

Megintilgangur námsmats er að veita leiðbeinandi upplýsingar um námið og hvernig markmiðum þess verður náð. Með námsmati er fylgst með því hvernig þeim tekst að ná almennum hæfniviðmiðum aðalnámskrár, stuðlað að námshvatningu, nemendur örvaðir til framfara og metið hvaða aðstoð þeir þurfa. Námsmat miðar einnig að því að afla vitneskju um árangur skólastarfsins og hvernig einstaklingum og hópum gengur að ná settum markmiðum. Tryggja þarf að allt námsmat sé þannig úr garði gert að það meti það sem á að meta á áreiðanlegan hátt.

Vísbendingar

	A	B	C	D
31. Skólinn gerir nemendum skýra grein fyrir viðmiðum um námsmat og matskvörðum.	SM			
32. Námskröfur í áföngum eru í góðu samræmi við námsmatsviðmið aðalnámskrár.		SM		
33. Niðurstöður námsmats eru notaðar markvisst til að bæta kennsluhætti.		SM		

2.4. Um kennara

Gæði menntunar og árangur skólakerfisins byggist fyrst og síðast á vel menntaðri og áhugasamri fagstétt kennara. Fagmennska kennara byggist á sérfræðilegri starfsmenntun, þekkingu, viðhorfum og siðferði starfsins. Fagmennska kennara snýst um nemendur, menntun þeirra og velferð. Á kennurum hvílir ekki aðeins sú skylda að miðla þekkingu til nemenda heldur einnig að veita þeim tækifæri til að afla sér þekkingar og leikni, örva starfsgleði þeirra og efla frjóa hugsun. Kennararnir eru mikilvægasta auðlind skólans. Kennurum ber að viðhalda og auka starfshæfni sína í gegnum starfsmenntun og faglegt samstarf við aðra kennara.

Vísbendingar

	A	B	C	D
34. Kennarar sækja reglulega starfsmenntun til að viðhalda hæfni sinni í starfi.		SM		
35. Kennarar eru hvattir til nýbreytni í starfi.	SM			
36. Kennarar nýta tækifæri til að þróa kennslu sína í samstarfi við aðra kennara innan skólans og utan.		SM		
37. Kennarar fá reglulega endurgjöf á kennsluna frá öðrum kennurum eða matsaðilum.		SM		

2.5. Um námsgögn

Námsgögn hvers konar gegna mjög þýðingarmiklu hlutverki til að ná markmiðum skólastarfs. Námsgögn, kennsluaðferðir og vinnubrögð sem skólar kjósa að viðhafa, skipulag skólastarfsins og námsmat á allt að taka mið af skilgreindum hæfniviðmiðum og grunnþáttum og vera þannig útfært að möguleikar nemenda á að ná þeim séu nýttir til hins ýtrasta. Námsgögn skulu vera fjölbreytt og vönduð og taka mið af nýjustu þekkingu á sviði menntunar- og kennslufræða. Skólasöfn gegna lykilhlutverki við að skapa skilyrði til að þroska og efla skilning nemenda á eðli upplýsinga og gagna sem þeir þurfa að hafa aðgang að í námi sínu og stuðla að frumkvæði og sjálfstæðum vinnubrögðum.

Vísbendingar

	A	B	C	D
38. Fjölbreytt og góð námsgögn eru notuð í kennslu.		SM		
39. Skólinn notar námsumsjónarkerfi með virkum hætti til að miðla námsgögnum.	SM			
40. Skólinn notar rafræn námsgögn og hjálpartæki með markvissum hætti.		SM		
41. Skólinn hefur yfir að ráða fullnægjandi námsgögnum, búnaði og hjálpartækjum til verklegrar kennslu.		M	S	
42. Skólinn hefur yfir að ráða fullnægjandi námsgögnum, búnaði og hjálpartækjum til bóklegrar kennslu.		SM		
43. Skólasafn skólans er búið fullnægjandi bókum og nýsigögnum auk annars safnkosts sem tengist kennslugreinum skóla.	M	S		

Þáttur 3: Samskipti og líðan

Allt skólasamfélagið þarf að vera meðvitað um það hlutverk framhaldsskólans að hafa velferð nemenda í fyrirrúmi. Velferð og heilbrigði krefst þess að líkamlegum, andlegum og félagslegum þáttum nemenda sé sinnt. Uppeldisstarf skóla miðar að því að nemendur verði virkir og ábyrgir þátttakendur í lýðræðissamfélagi, virði jafnrétti í samskiptum og taki ábyrga afstöðu til eigin velferðar og annarra. Hér skiptir skólabragurinn, samskipti innan skóla sem utan og virk þátttaka nemenda í mótun skólasamfélagsins, höfuðmáli.

Mat á samskiptum og líðan:

3.1. Um skólabrag

Jákvæður skólabragur er í eðli sínu forvarnarstarf og getur dregið úr neikvæðum samskiptum, s.s. einelti og öðru ofbeldi. Meðal grundvallarréttinda nemenda er að hafa vinnufrið í skólanum þannig að þeir geti náð sem bestum tókum á náminu og að kennslan nýtist þeim sem best. Því þarf að leggja áherslu á að skapa jákvæðan skólabrag í hverjum skóla og góðan vinnuanda í einstökum bekkjardeildum og námshópum. Stjórnendum skóla, kennurum og öðru starfsfólki ber í starfi sínu að stuðla að jákvæðum skólabrag og starfsanda í öllu skólastarfi með velferð nemenda og öryggi að leiðarljósi.

Vísbendingar

	A	B	C	D
44. Skólabragur er jákvæður og einkennist af sanngirni og virðingu.	SM			
45. Nemendum líður vel í skólanum.		SM		
46. Farið er eftir ferli við brotum á skólareglum.	SM			

3.2. Um samskipti í skólastofunni

Í öllu skólastarfi, bæði í og utan kennslustunda, þarf að styrkja nemendur til að móta sér skoðanir, viðhorf og hæfni bæði almennt og á tilteknum sviðum. Þetta gerir kröfu um að nemendur samþætti þekkingu sína og leikni, um leið og þeir fá tækifæri til að þjálfa félagshæfni, sem byggir á siðgæði og virðingu fyrir mannréttindum og jafnrétti. Gæta verður þess einnig að nemendur æfist í að tjá skoðanir sínar og skýra verklag á ábyrgan, gagnrýninn og skýran hátt.

Vísbendingar

	A	B	C	D
47. Góður andi ríkir í skólastofunni.		SM		
48. Samskipti í skólastofunni einkennast af lýðræðislegum gildum, aga og virðingu.		SM		
49. Skólinn kemur gildum sínum skýrt á framfæri við nemendur innan og utan skólastofunnar.		SM		

3.3. Um félagslíf nemenda

Í hverjum framhaldsskóla skal starfa nemendafélag sem vinnur meðal annars að félags-, hagsmuna- og velferðarmálum nemenda. Það setur sér lög um starfssvið og starfshætti og starfar á ábyrgð skóla sem sér því fyrir starfsaðstöðu. Skólum er heimilt að styrkja félögin fjárhagslega og skal bókhald þeirra háð sömu reglum og bókhald skólanna. Nemendur kjósa fulltrúa í skólaráð og tilnefna fulltrúa á skólafund og áheyrnarfulltrúa í skólanefnd. Í skólanámskrá skulu vera upplýsingar um félagsstarf nemenda á vegum skólans.

Vísbendingar

	A	B	C	D
50. Nemendafélag skólans heldur uppi öflugu félagsstarfi fyrir nemendur.	SM			
51. Gott samstarf og skilningur er á milli nemendafélagsins og stjórnenda skólans.	SM			
52. Skólinn styður við félagsstarf nemenda.	SM			
53. Jafnrétti og lýðræði einkennir félagsstarf nemenda.		SM		

3.4. Um samskipti við foreldra/forráðamenn

Mikilvægt er að framhaldsskólar vinni að skipulegri samvinnu heimilis og skóla. Foreldraráð skal starfa í hverjum skóla og eiga forsjáforeldrar/forráðamenn allra nemenda skólans rétt á aðild að því. Stjórn foreldraráðs tilnefnir áheyrnarfulltrúa í skólanefnd. Hlutverk ráðsins er samkvæmt lögum að styðja við skólastarfið, huga að hagsmunamálum nemenda og, í samstarfi við skólann, efla samstarf foreldra og forráðamanna ólöggráða nemenda við skólann.

Vísbendingar

	A	B	C	D
54. Forráðamenn skólans líta á foreldraráðið sem mikilvægan samstarfsaðila.		SM		
55. Foreldrar eru vel upplýstir um skólastarfið.		SM		
56. Foreldraráð styður við skólastarf og gætir hagsmuna nemenda.		SM		

3.5. Um samstarf við önnur skólastig og atvinnulíf

Mennta- og menningarmálaráðuneytið leggur áherslu á sveigjanleg skil milli grunn- og framhaldsskóla og framhalds- og háskóla. Til að tryggja samfellu og stuðla að velferð nemenda er mikilvægt að milli grunnskóla og framhaldsskóla séu virk tengsl og miðlun upplýsinga eigi sér stað. Samkvæmt lögum um framhaldsskóla er skólunum heimilt að bjóða upp á nám í framhaldi af skilgreindum námslokum á þriðja hæfniprepi. Framhaldsskólar skulu alltaf auglýsa nám á fjórða þrepi í framhaldsskólalæiningum. Samstarf framhaldsskóla og atvinnulífs er forsenda þess að skólakerfið geti brugðist við þörfum atvinnulífsins og jafnframt boðið upp á fjölbreytt nám sem nýtist nemendum í störfum að námi loknu.

Vísbendingar

	A	B	C	D
57. Skráð og virk tengsl eru við grunnskólastig um nám nemenda.		SM		
58. Skráð og virk tengsl eru við háskólastig um nám nemenda.		SM		
59. Skráð og virkt tengsl eru við atvinnulíf um nám nemenda.			SM	

Þáttur 4: Húsnæði og aðbúnaður

Allt skólahúsnæði skal uppfylla kröfur laga um aðbúnað, hollustu og öryggi á vinnustöðum. Einnig ber að uppfylla kröfur heilbrigðis- og byggingaryfirvalda til slíkra mannvirkja. Húsnæði, skólalóð og allur aðbúnaður þarf að vera þannig úr garði gerður að unnt sé að ná markmiðum laga um framhaldsskóla og aðalnámskrár framhaldsskóla. Er þar sérstaklega átt við að húsnæðið henti þeirri starfsemi sem þar fer fram og nemendum og starfsfólki skóla sé tryggt öruggt og heilsusamlegt vinnuumhverfi sem skapar öryggi og vellíðan.

Mat á húsnæði og aðbúnaði:

Vísbendingar

	A	B	C	D
60. Kennsluhúsnæði skólans er fullnægjandi fyrir þá starfsemi sem þar fer fram.		M	S	
61. Skólinn leggur sig fram um að gera skólahúsnæðið aðlaðandi.		SM		
62. Skólinn býr yfir/hefur aðgang að fullnægjandi íþróttastöðu.	SM			
63. Félagsaðstaða nemenda er fullnægjandi.		SM		
64. Stjórnendur, kennarar og aðrir starfsmenn eiga kost á fullnægjandi vinnuástöðu í húsnæði skólans.		M	S	
65. Skólinn hefur fullnægjandi mötuneytisaðstöðu.	M	S		
66. Tölvukostur skólans er fullnægjandi.		SM		

Þáttur 5: Lykilárangur

Framhaldsskólum er ætlað að stuðla að þroska nemenda þannig að þeir geti tekið virkan þátt í lýðræðisþjóðfélagi með skapandi og gagnrýnum hætti. Þeim er einnig ætlað að búa nemendur undir frekara nám og þátttöku í atvinnulífi. Árangur er vandmeðfarið hugtak, ekki síst í menntun þar sem markmiðin eru flókin og langtímaárangur oftast illmælanlegur. Mat skólans á árangri skólastarfsins takmarkast því við mælanlega þætti sem tengjast markmiðum skólans og lögbundnu hlutverki þeirra. Mikilvægt er að skólinn noti viðurkenndar aðferðir til að mæla árangur af skólastarfinu og skýr viðmið til að meta niðurstöður mælinga.

Mat á lykilárangri:

5.1. Um námsárangur

Námi við framhaldsskóla lýkur með lokaprófi sem gefur réttindi á næsta skólastig, veitir starfsréttindi eða býr nemandann með fullnægjandi hætti undir frekara nám og þátttöku á vinnumarkaði. Lokapróf eða lokaumsögn nemanda á að segja til um hversu vel nemandinn er undir það búinn að takast á hendur nám á næsta skólastig eða til starfa á vinnumarkaði. Skólinn tryggir að gerðar séu eðlilegar og hæfilegar kröfur til nemenda í námsmati. Nemandinn, viðtökuskólar og atvinnulíf getur treyst því að lokapróf meti á réttmætan og áreiðanlegan hátt hversu vel nemandanum hefur tekist að afla sér þeirrar hæfni sem ætlast er til af aðalnámskrá og skólanámskrá.

Vísbendingar

	A	B	C	D
67. Nemendur sýna ásættanlegar framfarir í námi samkvæmt markmörðum skólans.	SM			
68. Útskriftarhlutfall skólans er ásættanlegt samkvæmt markmörðum skólans.	SM			
69. Skólinn hefur náð árangri í að draga úr brotthvarfi.	SM			

5.2. Um árangur í grunnþáttum

Við lok framhaldsskóla þarf nemandi að standa á eigin fótum og taka þátt í lýðræðisþjóðfélagi á sömu forsendum og aðrir. Nemendur í framhaldsskóla taka út mikilvægan þroska á framhaldsskólaárunum og framhaldsskólum ber skylda til að stuðla að því að nemendur sem ljúka námi hafi fengið tækifæri til að þroska með sér þá hæfni sem þykir nauðsynleg til að einstaklingurinn geti mótað framtíð sína á farsælan hátt fyrir sjálfan sig og samfélagið. Grunnþættir menntunar eiga að leiðbeina framhaldsskólum við að vinna að þessu markmiði en þeir eru læsi, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti, sjálfbærni, heilbrigði og velferð og sköpun. Í aðalnámskrá framhaldsskóla eru grunnþættirnir tengdir við markmið sem snúa að hæfni nemenda, svokallaðri lykilhæfni. Í vísbendingum er gefinn kostur á að meta árangur nemenda á einstökum lykilhæfnipáttum ef skólinn hefur kannað þá með einhverjum skipulögðum hætti.

Vísbendingar

	A	B	C	D
70. Nemendur hafa tileinkað sér læsi, tjáningu og samskipti.		S		
71. Nemendur eru skapandi í hugsun og sýna frumkvæði við hagnýtingu þekkingar.		S		
72. Nemendur hafa tileinkað sér lýðræðisvitund og virðingu fyrir mannréttindum.	S			
73. Nemendur hafa skilningu á og sýna virðingu fyrir jafnrétti.	S			
74. Nemendur bera ábyrgð á eigin velferð og heilbrigði.		S		
75. Nemendur hafa skilning á sjálfbærni og eru meðvitaðir um umhverfi sitt.	S			

5.3. Um langtímaárangur

Þjóðfélagið væntir þess að framhaldsskólar starfi með hag nemenda sinna að leiðarljósi sem og samfélagsins alls. Þetta kemur fram með tvennum hætti, að nemendur skólans nái að dafna í námi og starfi og að skólinn þróist á eðlilegan hátt sem endurspeglar aðstæður á hverjum tíma.

Fæstir skólar hafa nokkur gögn um afdrif nemenda eftir brautskráningu enn sem komið er. Þó hefur færst í vöxt að skólar haldi sambandi við fyrrverandi nemendur og kanni hvernig þeim hefur farnast t.d. með könnunum eða með upplýsingum um gengi nemenda í háskóla eða öðru námi. Eftirfarandi vísbendingar eru til þess gerðar að gefa skólum færi á að koma á framfæri upplýsingum um afdrif nemenda ef slíkar upplýsingar liggja fyrir en ekki er hægt að gera kröfu til þess að allir skólar hafi metið þessa þætti.

Vísbendingar

	A	B	C	D
76. Skólinn kannar reglulega hvernig námið hefur nýst brautskráðum nemendum.	SM			
77. Nemendur skólans ná árangri á næsta skólastigi eða í atvinnulífi, eftir eðli náms.	SM			
78. Skólinn hefur sýnt að hann lagar sig að breyttum kröfum og aðstæðum í samfélaginu.	SM			

Viðaukar – Greinargerð matsmanna

Hér á eftir fer greinargerð og rökstuðningur matsmanna fyrir mati þeirra á þeim fimm þáttum sem lagðir eru til grundavallar við ytra mat á Menntaskólanum að Laugarvatni vorið 2018. Jafnframt eru dregnir saman styrkleikar sem þeir telja einkenna skólastarfið í hverjum þætti svo og tækifæri til umbóta. Viðmið sem mat hvers þáttar byggir á má sjá í ramma í upphafi umfjöllunar.

Umfjöllun um stjórnun og skipulag

Stjórnendur sem leiðtogar eiga að tryggja að stofnunin sé drifin áfram með skýru hlutverki, framtíðarsýn og grunngildum. Leiðtogar þróa, innleiða og vakta stjórnkerfi stofnunarinnar. Viðeigandi skipulag og skýr ábyrgð fyrir starfsmenn, ásamt vel skilgreindum stjórnunar-, stoð- og lykilferlum, eiga að tryggja að stefna stofnunarinnar komist með skilvirkum hætti í framkvæmd. Leiðtogar eru ábyrgir fyrir því að viðhalda og bæta árangur sem náðst hefur m.a. með því að koma á ferli stöðugra umbóta og skapa menningu sem er opin fyrir nýsköpun og lærdómi.

Menntaskólinn að Laugarvatni (ML) starfar á grundvelli laga um framhaldsskóla nr. 92/2008, aðalnámskrá framhaldsskóla frá 2011 og reglugerða sem settar eru á grundvelli laganna. Skólinn birtist matsmönnum sem ein samverkandi heild þar sem velferð nemenda og persónuleg nálgun auk árangurs í námi eru í fyrirrúmi.

Einkunnarorð skólans má sjá í merki hans en þau eru manngildi, þekking og atorka. Á vef skólans eru sett fram tvö meginmarkmið, að búa nemendur undir framhaldsnám annars vegar og undir þátttöku í lýðræðisþjóðfélagi hins vegar. Skilgreindar hafa verið leiðir að þessum markmiðum og hvernig þau megi meta. Fleiri markmið og áherslur í skólastarfinu má finna í skólasamningi Menntaskólans að Laugarvatni við mennta- og menningarmálaráðuneytið 2017-2020 og í ársskýrslu skólans fyrir árið 2016. Auk þess liggur fyrir sjálfsmatsáætlun skólans tímabilið 2017-2020 sem gefur vísbendingar um áherslur í starfinu. Matsmenn telja tengsl milli þessara skjala ekki nægilega skýr, þar eru áherslur á að draga úr brotthvarf tilgreindar í skólasamningi en í gögnum um sjálfsmat er ekki að finna umfjöllun um það viðfangsefni. Það er vert umhugsunar fyrir skóla með jafn litla yfirbyggingu og ML hvort ekki megi sameina og samnýta betur þau gögn sem unnin eru í tengslum við markmið og mat og leita jafnframt leiða til að einfalda framsetningu.

Æskilegt er að skólinn endurskoði markmið sín í samvinnu við hagsmunaaðila, samræmi áherslur og skoði hvernig innra matið getur markvisst stutt starf skólans og stefnu. Skoða þarf sérstaklega annað meginmarkmið skólans í ljósi 2. gr. laga um framhaldsskóla frá 2008. Í lögunum segir að hlutverk framhaldsskóla sé að stuðla að virkri þátttöku nemenda í lýðræðisþjóðfélagi en ekki aðeins að undirbúa þá fyrir þátttöku í lýðræðisþjóðfélagi eins og segir í öðru meginmarkmiði skólans. Rétt er þó að áréttu að ML viðhefur um margt lýðræðisleg vinnubrögð í verki eins og nánar er vikið að síðar.

Undanfarin ár hefur verið lögð áhersla á að laga starfsemi ML að kröfum námskrár framhaldsskóla frá 2011 og styttingu námsins í þrjú ár. Nám til stúdentsprófs á þriggja ára námsbrautum hófst árið 2015 og munu því fyrstu nemendurnir sem ljúka stúdentsprófi á þremur árum útskrifast nú vorið 2018. Með þeim munu einnig útskrifast þeir sem hófu nám sitt árið 2014 eftir fjögurra ára skipulagi. Undirbúningur og framkvæmd nýja þriggja ára námsins hefur farið fram í góðu samstarfi stjórnenda, kennara og skólameistarar. Þó svo fyrsti hópurinn sé nú að ljúka námi samkvæmt þriggja ára skipulaginu er enn virk þróunarvinna í gangi. Kennarar og stjórnendur leita sífellt leiða til að mæta þeim áskorunum sem styttingunni fylgja svo sem auknu álagi á nemendur. Aðrir hagsmunaaðilar hafa haft takmarkaða formlega aðkomu að því ferli. Hins vegar kom fram í samtölum við nemendur að þeir hafa ýmis óformleg tækifæri til að koma skoðunum sínum á framfæri og að tekið er tillit til sjónarmiða þeirra og reynt að bregðast við óskum þeirra eins og kostur er.

Þó ekki hafi allir hagsmunaaðilar sem rætt var við haft formlega aðkomu að setningu markmiða eða stefnumótun í ML var samhljómur í umræðu hópanna um styrk skólans og áherslur. Viðmælendur sáu skólann sem persónulega menntastofnun þar sem allir þekkja alla og leitast er við að mæta nemendum á þeirra forsendum. Heimavistina og félagslífið sáu viðmælendur einnig sem jákvæða þungamiðju í starfinu.

Þegar fyrrverandi aðstoðarskólameistari lét af störfum sökum aldurs vorið 2016 voru gerðar breytingar á skipuriti skólans. Ekki var ráðið í hans stað en áfangastjóri er nú staðgengill skólameistara. Ekki verður annað séð en að það fyrirkomulag gangi ágætlega upp.

Skólameistari ML hefur skýrt leiðtogahlutverk. Það ríkir gagnkvæmt traust milli hans og starfsfólksins en hann leitast við að gefa kennurum og öðru starfsfólki svigrúm til að njóta sín í starfi eins og kostur er. Hann þykir nákvæmur og lausnamiðaður stjórnandi með mikinn metnað fyrir hönd síns skóla. Boðleiðir í skólanum eru stuttar og aðgengi allra að skólameistara greitt.

Það er skoðun matsmanna að það sýni styrk stjórnunarháttanna í ML hvernig sjálfsmatið í aðdragandi úttektarinnar var unnið. Einkunnir skólans fyrir einstaka matsþætti voru ákveðnar af teymi sem skipað var fulltrúum nemenda, foreldra, kennara og annarra starfsmanna. Hópurinn ákvað einkunn skólans fyrir matsþættina án aðkomu skólameistara.

Styrkleikar

- Skólameistari hefur skýrt leiðtogahlutverk og nýtur trausts allra hagsmunaaðila.
- Breytingar á náminu voru gerðar í góðu samstarfi kennara og stjórnenda.
- Samstaða er meðal hagsmunaaðila um mikilvæga þætti í starfsemi skólans s.s. persónulega nálgun, góða heimavist og öflugt félagslíf.

Tækifæri til umbóta

- Einfalda og samræma framsetningu markmiða og mats.
- Endurskoða markmið skólans með hliðsjón af styttingu námsins og áherslum í lögum um framhaldsskóla.
- Auka formlega aðkomu allra hagsmunaaðila að stefnumótun.

Umfjöllun um kennslu og námsframboð

Fjölbreytilegt námsumhverfi, sem er hvetjandi og styðjandi fyrir nemendur, er ein forsenda þess að nemendur eigi þess kost að tileinka sér lykilhæfni sem til dæmis lýtur að sjálfsþekkingu, sjálfstæði, frumkvæði og skapandi hugsun. Kennsluhættir þurfa að veita öllum nemendum tækifæri til að nýta hæfileika sína og gefa þeim kost á að fá endurgjöf á vinnu sína. Fjölbreytni í vinnubrögðum og kennsluaðferðum er ein forsenda þess að nemendur öðlist margvíslega hæfni. Mikilvægt er að hafa í huga að mismunandi hæfniviðmiðum er hægt að ná á margvíslegan hátt og að sömu aðferðir henta ekki öllum nemendum jafn vel. Þá mega kennsluhættir ekki mismuna nemendum eftir kynferði, búsetu, uppruna, litarhætti, fötlun, trúarbrögðum, kynhneigð eða félagslegri stöðu.

Menntaskólinn að Laugarvatni hefur sett sér það markmið að undirbúa nemendur sína undir háskólanám. Nemendur skiptast tiltölulega jafnt á tvær námsbrautir og er þeim kennt í tveimur bekkjardeildum á hverju hinna þriggja námsára (áður fjögurra). Nemendur eru því ýmist á félags- og hugvísindabraut eða náttúruvísindabraut.

Við ML starfa vel menntaðir kennarar og er kynjahlutfall í kennarahópnum nokkuð jafnt. Þar sem skólinn er lítil er oft einn kennari sem sér alfarið um tiltekna námsgrein. Stjórnendur eru meðvitaðir um mikilvægi þess að kennarar hafi tækifæri til samstarfs við aðra kennara og gera ýmislegt til að ýta undir það. Þannig hafa verið sett upp vinnuherbergi þar sem tveir eða fleiri kennara hafa aðstöðu í sama rýminu sem hvetur til samtals og samráðs um kennsluhætti. Hópur kennara stundar markvisst starfendarannsóknir og hittast þeir kennarar reglulega vegna þeirrar vinnu. Kennarar eru hvattir til nýbreytni í starfi og á kennarafundum kemur fyrir að kennarar segi frá nýjungum sem þeir vinna með í kennslu. Einnig er leitast við að koma til móts við óskir um starfs- eða endurmenntun með styrkjum vegna akstur og sveigjanleika í starfi. Þá er í stofnanasamningi kveðið á um launaávilnun til kennara vegna endurmenntunar.

Í aðalnámskrá framhaldsskóla segir að kennsluáætlun skuli liggja fyrir við upphaf kennslu og er tiltekið hvað skuli koma þar fram. Birta skal viðmið um þekkingu, leikni og hæfni, almenna lýsingu, upplýsingar um námsmat, námsefni og verkefni. Kennsluáætlanir ML eru ekki birtar á ytri vef en matsmenn fengu til skoðunar valin sýnishorn. Það er niðurstaða matsmanna að þær kennsluáætlanir sem skoðaðar voru uppfylli ekki allar framangreindar kröfur. Til dæmis er ekki unnið markvisst með viðmið um þekkingu, leikni og hæfni. Lagt er til að ML endurskoði kennsluáætlanir, framsetningu þeirra og innihald í samræmi við aðalnámskrá framhaldsskóla. Samræmt verklag við gerð kennsluáætlana veitir faglega leiðsögn og má ef til vill nýta sem grundvöll samstarfs kennara í ólíkum kennslugreinum. Kennsluáætlanir eiga að veita nemendum upplýsingar um fyrirkomulag náms og þær kröfur sem þeir þurfa að uppfylla, samræmd framsetning auðveldar þeim það.

Þegar rætt var við nemendur og kennara um kennsluaðferðir kom fram að kennarar leitast við að hafa þær fjölbreyttar. Þá var einnig nefnt að fjölbreytni kennsluaðferða birtist ekki síst í ólíkum kennsluaðferðum einstakra kennara og í kennslu ólíkra kennslugreina. Undanfarin ár hefur verið unnið að því í ML að endurskoða námsmat með tilliti til áherslu aðalnámskrár framhaldsskóla frá 2011 á fjölbreytt námsmat. Þannig hefur vægi lokaprófa minnkað jafnt og þétt sem einnig er vísbending um aukna fjölbreytni kennslu- og námsmatsaðferða.

Kennarar í ML leitast við að virkja nemendur til þátttöku í kennslustundum og nota ýmsar leiðir til að ýta undir sjálfstæði þeirra. Áhugavert er að algengt er að nemendur taki virkan þátt í að útfæra námsmat í einstökum

áföngum. Sumir kennarar við skólann hafa þann háttinn á við upphaf annar að bjóða nemendum að velja hvernig þeir vilja haga námsmatinu t.d. með því að bjóða þeim að velja milli þess að hafa lokapróf eða vinna verkefni. Mælist þessi nálgun vel fyrir hjá nemendum.

Í samtölum við kennara kom fram að þeir tóku virkan þátt í að skipuleggja breytingar námsins úr fjórum árum í þrjú. Breytingarnar leiddu til meira álags á nemendur m.a. vegna ákvæða aðalnámskrár framhaldsskóla um að ljúka þurfi að lágmarki 200 framhaldsskólaeinum (fein) til stúdentsprófs en meðaleiningafjöldi í fullu þriggja ára námi er 180 fein samkvæmt námskránni. Þegar reynsla var komin á nýja skipulagið var samstaða um að bregðast þyrfti við auknu álagi á nemendur. Á vormisseri 2018 var því gerð breyting á kröfum um tímasókn með þeim hætti að kennslustundum í áföngum, sem öllum nemendum var gert að sækja, var fækkað og komið í staðinn á svokallaðri vinnustund. Þannig eru nú í stundatöflum nemenda fastir tímar fyrir vinnustund. Þar sækja nemendur kennslu og aðstoð í þeim greinum sem þeir helst þurfa á að halda á hverjum tíma. Þetta nýja fyrirkomulag mælist vel fyrir bæði meðal nemenda og kennara og virðist léttu undir með nemendum við að mæta auknu álagi.

Í ML er í boði valáfangi sem flestir nemendur velja og heitir útivist. Hann fellur vel að áherslum skólans um heilsuefli skóla. Í áfanganum er unnið með umhverfi skólans og farið í útivistarferðir. Viðmælendur voru sammála um að með útivistinni hefði vel tekist til við að auka áhuga nemenda á náttúru og umhverfi og efla þroska þeirra í jákvæðu mótþægi við bóklega námið.

Kynjafræði er ein af þeim áhugaverðu áherslum sem lagðar voru í nýrri skólanámskrá ML. Áfangi í kynjafræði er nú í kjarna beggja námsbrauta. Með þessu er skólinn að horfa til félagsmótunar ungmenna með hliðsjón af samfélagslegri umræðu um mikilvægi vitundar um stöðu kynjanna.

Námsráðgjafi ML kynnir fyrir kennurum fyrirbyggjandi ábendingar og greiningar sem berast um þörf fyrir sérstaka námsaðstoð eða tilhögun prófa fyrir tiltekna nemendur. Kennarar sögðu slíkar upplýsingar oft nýtast vel en töluðu jafnframt um að þeir myndu gjarnan vilja koma betur til móts við nemendur með sérþarfir og mismunandi greiningar. Sú hugmynd var viðruð af kennara í rýnihópi að æskilegt væri að kennarar gætu fengið leiðsögn frá sérkennara um hvernig best væri að bregðast við sértækum námsvanda einstakra nemenda. Þessi áhugaverða hugmynd getur talist dæmigerð fyrir vilja kennara í ML til að koma sem best til móts við nemendur.

Í samtölum við nemendur koma fram að stuðningur kennara við þá í námi væri mikilvægur og vissan stuðning væri einnig að hafa í því litla og nána samfélagi sem myndaðist í skólanum. Nefnt var í því samhengi að góð tengsl kennara og nemenda væru hvetjandi fyrir nemendur. Þau gætu þó líka verð hamalandi og því var velt upp að nemendum gæti t.d. þótt verra að leita til námsráðgjafa sem einnig væri kennari við skólann.

Af samtölum við nemendur og kennara má ráða að vinnufriður í kennslustundum er almennt góður í ML. Misbrest á því mætti oftast rekja til einstaklingsbundinna tilvika sem alltaf væri hægt að „setla“ eins og það var orðað. Sveigjanlegt verklag var sagt ríkja í kennslunni og gætu nemendur, ef svo bæri undir, fengið að yfirgefa kennslustofur til að vinna einstaklingsbundið til dæmis á bókasafni.

Einu sinni á önn eru nemendur beðnir um að meta þá áfanga sem þeir sækja. Kennarar fá niðurstöðurnar til skoðunar og eru þær í framhaldi ræddar í starfsmannasamtölum við skólameistara. Hugsanlegt væri að nýta niðurstöðurnar betur með því að kennararnir fengju tækifæri til að ræða þær jafnharðan og þær berast. Einnig

væri vert athugunar hvort aðrar leiðir væru gagnlegri til mats á kennslunni og starfsþróunar svo sem vinna með rýnihópum eða jafningjamat.

Styrkleikar

- Kennarar sýna skýran vilja til að styðja nemendur og að mæta hverjum og einum.
- Nemendur hafa aðkomu að fyrirkomulagi námsmats.
- Reynt er að mæta áskorunum sem fylgt geta kennslu í fámennum skólum.
- Kennarar eru hvattir til að sækja sér frekari menntun.
- Vinnustund er dæmi um velheppnaða skipulagsbreytingu sem bætir vinnubrögð í námi og kennslu.
- Valáfanginn útivist undirstrikar áherslu á heilsuefningu og tengsl við umhverfi skólans.
- Kynjafræði er skylduáfangi fyrir alla og dæmi um aðlögun skólans að breyttum samfélagslegum áherslum.

Tækifæri til umbóta

- Endurskoða framsetningu kennsluáætlana.
- Auka stuðning við nemendur með sértæka námserfiðleika.
- Koma á samstarfi við sérfræðinga á sviði kennslu nemenda með skilgreindar þarfir fyrir sérúrræði.
- Nýta betur niðurstöður áfangamats og skoða hvort hægt er að bæta framkvæmdina.

Umfjöllun um samskipti og líðan

Allt skólasamfélagið þarf að vera meðvitað um það hlutverk framhaldsskólans að hafa velferð nemenda í fyrirrúmi. Velferð og heilbrigði krefst þess að líkamlegum, andlegum og félagslegum þáttum nemenda sé sinnt. Uppeldisstarf skóla miðar að því að nemendur verði virkir og ábyrgir þátttakendur í lýðræðissamfélagi, virði jafnrétti í samskiptum og taki ábyrga afstöðu til eigin velferðar og annarra. Hér skiptir skólabragurinn, samskipti innan skóla sem utan og virk þátttaka nemenda í mótun skólasamfélagsins, höfuðmáli.

Það var almenn skoðun viðmælenda í Menntaskólanum að Laugarvatni að þar liði nemendum vel og að leitast væri við að stuðla að vellíðan þeirra. Skólinn fylgist með líðan nemenda m.a. með því að taka þátt í könnun Rannsóknar og greiningar (Ungt fólk) og kaupa þar sérstaka greiningu fyrir skólann á þáttum eins og vímuefnanotkun, mataræði, svefni, líðan og viðhorfum til náms. Nýjustu niðurstöður eru úr könnun sem fram fór árið 2016. Nemendur ML fylgja þar meðaltali annarra framhaldsskóla í mörgum þáttum. Skólinn gefur sér ekki bestu einkunn þegar spurt er um líðan nemenda í ML í ytra matinu og vísar því til stuðnings í niðurstöður fyrrgreindrar könnunar Rannsóknar og greiningar (sjá vísbendingu 45). Það má líta á einkunnina sem vísbendingu um þá áherslu sem ML leggur á að öllum nemendum liði vel í skólanum. Sú áhersla birtist líka í samtölum við hagsmunaaðila. Þegar spurt var hvað helst þyrfti að bæta í þjónustu við nemendur var jafnan talað um þörf fyrir aukna þjónustu sálfræðings. Skólinn er með samning við sálfræðing sem kemur reglulega í skólann en kallað var eftir meiri aðkomu og fleiri tímum sálfræðings fyrir nemendur.

Heimavist ML setur sterkan svip á skólastarfið en þar búa nánast allir nemendur skólans. Elstu nemendurnir eru með herbergi í skólabyggingunni en þeir yngri eru í heimavistarhúsunum sem standa við hlið hennar. Þegar rætt er við hagsmunaaðila er heimavistin jafnan talin til styrkleika skólans. Húsbóndi og húsfreyja á heimavistum fá einkar góða umsögn og þykja þau sinna störfum sínum og samskiptum við nemendur af sérstakri alúð. Voru þau sögð mæta hverjum og einum vistarbúa bæði sem nemanda og einstaklingi sem býr þar fjarri foreldrum sínum.

Starfsemi foreldrafélags ML er býsna öflug þrátt fyrir dreifða búsetu meðlima. Félagið heldur úti skipulegri dagskrá sem felst í ákveðnum fundum með foreldrum, reglulegum samskiptum m.a. á Facebook, kosningu stjórnar og samvinnu við skólann um málefni sem varða nám nemenda og þátttöku þeirra í félagslífi. Skólinn styrkir félagið og rekstur þess með ýmsum hætti. létu foreldrar sem rætt var við vel af samstarfi við skólayfirvöld og kennara.

Þegar nemendur á fyrsta ári voru spurðir hvernig fylgst væri með líðan þeirra nefndu þeir viðtöl við umsjónarkennara. Sögðu þeir að umsjónarkennarar töluðu einslega við alla nemendur og vildu þannig fylgjast með líðan síns hóps.

Nemendur ML gáfu samskiptum við skólann góða einkunn. Nefnt var að á reglulegum húspingum með öllum nemendum væru þeir upplýstir um það sem efst væri á baugi í skólanum hverju sinni. Þá kom einnig fram í viðtölum við nemendur að skólaráð væri virkur vettvangur þar sem nemendum gæfist kostur á að bera upp sín mál við stjórnendur skólans.

Öll umræða um félagslíf nemenda í ML var jákvæð og stuðningur skólans við það rómaður af nemendum. Félagslífið mótast af mikilli samveru nemenda eins og vænta má í skóla þar sem langflestir þeirra búa saman á heimavist. Félagslífið byggir að stórum hluta á sameiginlegum viðburðum fyrir alla nemendur fremur en

klúbbastarfi eins og gjarnan er í framhaldsskólum. Þar má nefna dansleiki, árshátíð, leikrit, tónleika, draugahús, bíókvöld og frjálstu tímana í íþróttahúsinu. Í ársskýrslu skólans frá 2016 kemur fram að lögð hafi verið áhersla á það við nemendafélagið að efla klúbbastarf en lítið hafi áunnist í þeim efnum. Ekki var að merkja á viðmælendum að nein óánægja væri með fyrirkomulag félagslífsins eins og það er.

ML býður nemendum frjálsta tíma í íþróttahúsi fjórum sinnum í viku. Tímarnir eru skipulagðir af nemendum og viðfangsefni hvers tíma auglýst á vef nemendafélagsins. Að sögn nemenda eru tímarnir í íþróttahúsinu vel nýttir og nefndu þeir þá sem lið í viðleitni skólans til að stuðla að góðri líðan og heilsu nemenda. Framtíkið tengist vel þátttöku ML í verkefnum um heilsueflandi skóla.

Það vakti sérstaka athygli matsmanna hversu fjölmennur kór starfar við skólann en um 100 nemendur taka þátt í starfi hans sem telur til námseininga. Starf kórsins er þróttmikið og sem dæmi um það var tónleikaferð til Ítalíu á dagskrá hans er matmenn heimsóttu ML.

Samhljómur var í svörum viðmælanda í hópi starfsmann þegar spurt var um starfsanda og líðan starfsmanna, ML er góður vinnustaður og starfsandi er eins og best má verða. Starfsmannfélag er virkt og stendur fyrir reglulegum viðburðum með góðri þátttöku. Hjálpssemi, gleði og samheldni var sögð einkenna samskipti starfsmanna í ML.

Styrkleikar

- Nemendum líður almennt vel í ML og starfsandi í skólanum er góður.
- Húsbóndi og húsfreyja á heimavistum fá einkar góða umsögn.
- Umsjónarkennarar yngri nemenda tala við hvern og einn og fylgjast með líðan þeirra.
- Almenn ánægja er með félagslíf nemenda.
- Skólaráð er vettvangur fyrir nemendur til áhrifa í skólastarfi.
- Virkt foreldrafélag tengir foreldra og skóla.
- Frjálstir tímar fyrir nemendur í íþróttahúsi eru vel sóttir.
- Starfsemi skólakórsins er öflug.

Tækifæri til umbóta

- Kallað er eftir meiri viðveru sálfræðings í skólanum.

Umfjöllun um húsnæði og aðbúnað

Allt skólahúsnæði skal uppfylla kröfur laga um aðbúnað, hollustu og öryggi á vinnustöðum. Einnig ber að uppfylla kröfur heilbrigðis- og byggingaryfirvalda til slíkra mannvirkja. Húsnæði, skólalóð og allur aðbúnaður þarf að vera þannig úr garði gerður að unnt sé að ná markmiðum laga um framhaldsskóla og aðalnámskrár framhaldsskóla. Er þar sérstaklega átt við að húsnæðið henti þeirri starfsemi sem þar fer fram og nemendum og starfsfólki skóla sé tryggt öruggt og heilsusamlegt vinnuumhverfi sem skapar öryggi og vellíðan.

Stærstur hluti starfsemi Menntaskólans að Laugarvatni fer fram í miðlægu skólahúsi sem byggt var yfir skólann í áföngum. Þar eru kennslustofur, bókasafn, eldhús, borðasalur, þvottahús, félagsaðstaða, kennarastofa, skrifstofur, vinnustofur kennara og hluti af heimavist skólans. Kennsla í íþróttum og verkgreinum fer fram í öðrum byggingum. Auk þess hefur skólinn yfir að ráða heimavistarhúsum nemenda og bústöðum starfsmanna.

Ekki fæst betur séð en að skólahúsinu sé vel við haldið og að reynt hafi verið að laga það að breyttum kröfum. Kennslustofur skólans eru að jafnaði minni en gerð er krafa um í dag en búnað nútíma kennslutækjum. Nefnt var í tengslum við aðlögun húsnæðisins að breyttu skólastarfi að skortur væri á hentugri vinnuaðstöðu fyrir nemendur utan kennslustofanna. Gott bókasafn mætir þeirri þörf að stórum hluta en oft er hentugt að hafa lítil og sveigjanleg vinnurými fyrir nemendur í námunda við kennslustofur. Húsgögn á göngum skólans eiga að þjóna bæði starfsemi skólans og hótélrekstri á sumrin. Hugsanlegt er að önnur gerð húsgagna á gögnum gæti hentað betur fyrir skólastarfið í ljósi þess sem á undan var rakið. Kennararnir viðruðu ýmsar hugmyndir um það hvernig nota mætti rýmið öðruvísi eins og að nýta turninn betur. Þá var bent á að loftræsikerfi væri ekki í kennslurými.

Skólinn hefur látið innréttu herbergi fyrir nemendur sem ætlað er til kyrrðarstunda eða hugleiðslu. Mæltist það vel fyrir meðal nemenda.

Það vekur athygli gesta að stór málverk af fyrrum skólameisturum ML og fleiri einstaklingum prýða veggi á göngum skólans og svæðum þar sem nemendur sitja við leik og störf. Vandséð er að þessi ásýnd höfði sterkt til unglinga þó vissulega megi hún skipa sinn sess í skólanum. Til umhugsunar er hvort ekki megi í samráði við nemendur færa yfirbragð hins opna rýmis í átt til þess sem fellur betur að þeirra smekk. Sjá má fyrir sér að virkja nemendur í að koma með hugmyndir að slíkum breytingum. Hagir nemendur og listfengir gætu e.t.v. unnið að útfærslu undir handleiðslu kunnáttufólks.

Stjórn nemendafélagsins er með aðstöðu í rými sem kallað er turninn. Rými fyrir nemendur til félagsstarfa er fyrst og fremst í einni stofu á jarðhæð skólans, kölluð N-stofan, og á aðliggjandi gangi. Nemendur sem rætt var við töluðu um að aðstaða fyrir félagslífið hefði versnað til muna eftir að kórinn hóf að nota N-stofuna til æfinga því starfsemi kórsins tæki upp mikinn tíma þar. Nemendur töldu mikilvægt að netsamband yrði bætt. Eftirgrennslan matsaðila benti til þess að erfitt væri að verða við þeirri ósk nemenda en henni er samt sem áður komið á framfæri hér. Þá var það einnig nefnt að bílastæði við heimavistir væru of fá.

Bókasafn ML er bjart og snyrtilegt. Almenn ánægja er með safnið, aðbúnað þess og safnkost. Nemendurnir sem rætt var við sögðust nota það reglulega vegna þess að þar væri gott að vera.

Nemendur nefndu einnig sem kost að þeim væri velkomið að nota skólastofurnar eftir kennslu og að opnunartími væri rúmur.

Það er mat skólans að aðstaða mötuneytis verðskuldi ekki bestu einkunn þótt ekki séu færð frekari rök fyrir þeirri niðurstöðu í matinu (sjá vísbendingu nr. 65). Matsmönnum þótti vandséð hvernig gera mætti frekari kröfur til mötuneytisins. Í samtölum kom fram að mötuneytið leitast við að starfa samkvæmt viðmiðum um heilsueflandi skóla og að það þjónustaði nemendur frá morgni til kvölds.

Mötuneytið er á jarðhæð skólahússins og þar er einnig þvottahús þar sem nemendur geta fengið þvegið af sér. Þvottahúsið er rúmgott og vel skipulagt. Nemendur sögðust ánægðir með þjónustu þeirra sem sjá um þvottinn.

Skólinn leigir íþróttastaðstöðu fyrir frjálsa tíma nemenda fjórum sinnum í viku. Tveir nemendur er kosnir í íþróttanefnd og sjá þeir um að skipuleggja hvað fer fram í frjálsum tímum. Nemendur eru einkar ánægðir með þennan kost og segja þessa íþróttatíma vel nýttu.

Vinnuaðstaða kennara er í herbergjum sem áður tilheyrðu heimavist nemenda á annarri hæð skólahússins. Opnað hefur verið á milli herbergja þannig að tveir eða fleiri geta verið í sama rýminu. Oft eru það tengdar greinar sem deila herbergi. Þó vissulega sé þörf á endurnýjun á þessum hluta skólans verður aðstaðan og það rými sem kennararnir hafa þar að teljast með ágætum.

Umgengni um húsnæði ML er til fyrirmyndar og innandyra er enginn á útiskóm .

Styrkleikar

- Aðlaðandi og vel útbúið bókasafn.
- Nemendur hafa aðgang að kennslustofum utan kennslutíma.
- Mötuneyti sem leitast við að mæta kröfum um heilsueflandi framhaldsskóla.
- Nemendur eru ánægðir með þjónusta starfsfólks í þvottahúsi.
- Nemendur hafa frjálstan aðgang að íþróttahúsi fjórum sinnum í viku.
- Vinnuaðstöðu kennara er vel fyrir komið.
- Umgengni er til fyrirmyndar.
- Rými til hugleiðslu.

Tækifæri til umbóta

- Skortur á vinnuaðstöðu fyrir nemendur utan kennslustofa.
- Húsgögn á göngum mæti betur þörfum skólastarfs.
- Leita leiða til að gera ganga skólans og rými fyrir félagsstarf nemenda meira aðlaðandi í samstarfi við þá.
- Auka aftur aðgengi nemenda að N-stofunni til félagsstarfs.
- Bæta þráðlaust netsamband fyrir nemendur.

Umfjöllun um lykilárangur

Framhaldsskólum er ætlað að stuðla að þroska nemenda þannig að þeir geti tekið virkan þátt í lýðræðisþjóðfélagi með skapandi og gagnrýnum hætti. Þeim er einnig ætlað að búa nemendur undir frekara nám og þátttöku í atvinnulífi. Árangur er vandmeðfarið hugtak, ekki síst í menntun þar sem markmiðin eru flókin og langtímaárangur oftast illmælanlegur. Mat skólans á árangri skólastarfsins takmarkast því við mælanlega þætti sem tengjast markmiðum skólans og lögbundnu hlutverki þeirra. Mikilvægt er að skólinn noti viðurkenndar aðferðir til að mæla árangur af skólastarfinu og skýr viðmið til að meta niðurstöður mælinga.

Ekki eru settar fram fastmótaðar aðferðir eða mælikvarðar um hvernig meta skuli lykilárangur framhaldsskóla. Forsendur fyrir slíku mati er nærtækast að sækja í þær skyldur og hlutverk sem skólunum er ætlað í lögum um framhaldsskóla og regluverk byggðu á þeim. Í annarri grein laga um framhaldsskóla nr. 92 frá 2008 segir að hlutverk þeirra sé að stuðla að alhliða þroska allra nemenda og virkri þátttöku þeirra í lýðræðisþjóðfélagi með því að bjóða hverjum nemanda nám við hæfi og búa nemendur þannig undir þátttöku í atvinnulífinu og frekara nám.

Aðalmarkmið Menntaskólans að Laugarvatni er að búa nemendur undir framhaldsnám á háskólastigi og þátttöku í lýðræðisþjóðfélagi. Námsframboð tekur mið að þessum markmiðum. Inntökuskilyrði nýnema miðast við að nemendur hafi þann undirbúning úr grunnskóla í bóklegum greinum sem gerir þeim kleift að stunda nám á bóknámsbrautum framhaldsskóla. Til að hefja þriggja ára nám til stúdentsprófs er miðað við að umsækjendur hafi náð hæfniviðmiðum í íslensku, ensku, stærðfræði og dönsku/norðurlandamáli sem jafngilda B eða betra, en skólanum er þó heimilt að víkja lítillega frá þeirri reglu. Þrátt fyrir að ML hafi ekki tryggt bakland til að sækja nemendur til hefur skólanum tekist að tryggja næga og jafna aðsókn nemenda sem uppfylla framangreind skilyrði. Þannig nýtir skólinn vel þá aðstöðu sem hann hefur til að starfrækja framhaldsskóla að tiltekinni stærð með skýr og afmörkuð markmið.

Heimavist skólans er hornsteinn aðsóknar og með því að fullnýta hana hefur skólinn nægan nemendafjölda til að standa undir námsframboði á tveimur skilgreindum námsbrautum til stúdentsprófs. Samhliða námi og kennslu einsetur ML sér að skapa þroskandi og uppbyggilegan ramma um skólastarf og félagslíf og vinna að því að auka ábyrgð nemenda í samfélaginu, á sjálfum sér og í samskiptum við aðra. Skólinn leggur áherslu á velliðan nemenda í skólanum og hefur sett sér markmið og mælikvarða í þeim efnunum til ársins 2020. Þannig er stefnan að einkunnir sem nemendur gefa í kennslumati verði 8,1 árið 2020 en árið 2017 var viðmiðunartalan 7,8. Stefna skólans er að raunmæting verði 95% árið 2020 en hún var 92,7% árið 2017. Í aðgerðum til að ná settum markmiðum er litið til stoðþjónustunnar en henni er ætlað að svara þörfum nemenda fyrir ráðgjöf, stuðning og úrræði sem tryggi að þeim sækist námið vel. Það er niðurstaða matsmanna að skólastarfið í ML miði markvisst að árangri í framangreindum lykilþáttum skólastarfsins.

Menntaskólinn við Laugarvatn er heilsueflandi skóli. Útivist og hreyfingu er gert hátt undir höfði m.a. í tengslum við það verkefni. Íþróttaiðkun nemenda utan skólatíma er almenn og vel skipulögð af nemendafélaginu með stuðningi skólans. Nemendur geta valið áfanga í útivist og hefur hann notið mikilla vinsælda hjá nemendum. Mötuneyti skólans er einnig rekið með hliðsjón af markmiðum heilsueflandi skóla.

ML tekur þátt í grænfánaverkefninu og á vef hans má finna umhverfissáttmála þar sem lögð er áherslu á umhverfismál í víðu samhengi: „Við allar ákvarðanir, framkvæmdir, daglegt starf og dvöl starfsmanna og nemenda í húsum skólans og umhverfi hans er tillit tekið til sjálfbærrar þróunar og umhverfissjónarmiða. Áhersla er lögð á að nemendur tileinki sér virðingu og þekkingu á umhverfi sínu og þeirri staðreynd að við erum tímabundið gestir á Hótel Jörð.“ Sáttmálinn er reyndar nokkuð gamall og tímabært að uppfæra hann. Í samtölum við nemendur kom fram að þeir voru meðvitaðir um áherslur skólans í umhverfismálum og nefndu dæmi um hvernig umhverfisstefnan hefði breytt viðhorfum þeirra og umgengni.

ML hefur lagt ríka áherslu á að brotthvarf nemenda sé sem allra minnst. Það er ekki sjálfgefið að nemendur sem koma til náms í heimavistarskóla strax að loknu grunnskólanámi eigi auðvelt með að samsama sig þeim aðstæðum í þrjú til fjögur ár. Eigi að síður hefur skólanum tekist að ná eftirtektarverðum árangri við að draga úr brotthvarfi sem undirstrikar væntanlega með öðru að nemendum líður vel í skólanum. Þannig hættu aðeins sex nemendur námi á árinu 2016 og fjórir á árinu 2017. Skólinn hefur sett sér það viðmið að brotthvarf fari ekki yfir fjóra nemendur á ári til ársins 2020. Þá hefur hann sett sér viðmið um að hlutfall innritaðra nemenda sem brautskrást á réttum tíma sé að lágmarki 75 af hundraði.

ML hefur um árabil gert könnun meðal útskrifaðra stúdenta. Í eldri skólaskýrslum er gerð grein fyrir niðurstöðum og hvernig unnið er með þær. Framkvæmd síðustu könnunar var með öðrum hætti en undanfarin ár og gekk ekki sem skyldi. Skólinn er meðvitaður um það og ráðgerir að unnið verði öðruvísi að gagnaöflun og úrvinnslu næst.

Sjálfsmat skólans á vísbindingum 70-75 um það hvort nemendur ML hafi tileinkað sér þá færni í grunnþáttum menntunar, sem settir eru fram í aðalnámskrá framhaldsskóla 2011, liggur fyrir. Matsmenn telja sig hins vegar ekki hafa nægilegar forsendur til að leggja mat á þessa þætti.

Styrkleikar

- Skólinn kannar reglulega hvað verður um nemendur sem útskrifast hafa frá skólanum og stundum er leitað til þessa hóps um leiðir að bættu skólastarfi.
- Nemendafjöldi í góðu jafnvægi.
- Skýrir mælikvarðar tengdir ástundun og kennslumati.
- Áhersla á heilsueflingu og umhverfisvernd.

Tækifæri til umbóta

- Setja skýrt fram hvernig skólinn metur árangur skólastarfsins og vinnur með niðurstöður mælinga.
- Uppfæra umhverfissáttmála.
- Endurskoða framkvæmd könnunar meðal útskrifaðra nemenda.

Heimildir og tilvísanir

Inngangur og almennar upplýsingar

- Upplýsingar frá skólanum sendar matsmönnum samkvæmt beiðni.
- Vefur Menntaskólans að Laugarvatni (ml.is).
- Skýrsla um sjálfsmat í Menntaskólanum að Laugarvatni árið 2016.
- Ársskýrsla Menntaskólans að Laugarvatni 2017.
- Skólanámskrá Menntaskólanum að Laugarvatni, núverandi.

Matsþættir og rökstuðningur við niðurstöður

Stjórnun og skipulag

- Upplýsingar frá skólanum sendar matsmönnum samkvæmt beiðni.
- Vefur Menntaskólans að Laugarvatni (ml.is).
- Rýnihópar stjórnenda, kennara, nemenda, annars starfsfólks, stjórnar nemendafélags og stjórnar foreldrafélags.
- Skýrsla um sjálfsmat í Menntaskólanum að Laugarvatni árið 2016.
- Ársskýrsla Menntaskólans að Laugarvatni 2017.
- Skólanámskrá Menntaskólanum að Laugarvatni, núverandi.
- Skólasamningur Menntaskólans að Laugarvatni og mennta- og menningarmálaráðuneytis, 2017-2020.
- Viðtal við formann skólanefndar.

Kennsla og námsframboð

- Upplýsingar frá skólanum sendar matsmönnum samkvæmt beiðni.
- Vefur Menntaskólans að Laugarvatni (ml.is).
- Rýnihópar stjórnenda, kennara, nemenda, annars starfsfólks, stjórnar nemendafélags og stjórnar foreldrafélags.
- Skýrsla um sjálfsmat í Menntaskólanum að Laugarvatni árið 2016.
- Ársskýrsla Menntaskólans að Laugarvatni 2017.
- Skólanámskrá Menntaskólanum að Laugarvatni, núverandi.
- Skólasamningur Menntaskólans að Laugarvatni og mennta- og menningarmálaráðuneytis 2017-2020.
- Kennsluáætlanir.
- Viðtal við formann skólanefndar.

Samskipti og líðan

- Vefur Menntaskólans að Laugarvatni (ml.is).
- Rýnihópar stjórnenda, kennara, nemenda, annars starfsfólks, stjórnar nemendafélags og stjórnar foreldrafélags.
- Ungt fólk Niðurstöður rannsókna meðal framhaldsskólanema á Íslandi 2016.
- Skýrsla um sjálfsmat í Menntaskólanum að Laugarvatni árið 2016.

- Ársskýrsla Menntaskólans að Laugarvatni 2017.
- Skólanámskrá Menntaskólanum að Laugarvatni, núverandi.
- Skólasamningur Menntaskólans að Laugarvatni og mennta- og menningarmálaráðuneytis 2017-2020.
- Viðtal við formann skólanefndar.

Húsnæði og aðbúnaður

- Rýnihópar stjórnenda, kennara, nemenda, annars starfsfólks, stjórnar nemendafélags og stjórnar foreldrafélags.
- Skólanámskrá Menntaskólanum að Laugarvatni, núverandi.
- Viðtal við formann skólanefndar.

Lykilárangur

- Upplýsingar frá skólanum sendar matsmönnum samkvæmt beiðni.
- Vefur Menntaskólans að Laugarvatni (ml.is).
- Rýnihópar stjórnenda, kennara, nemenda, annars starfsfólks, stjórnar nemendafélags og stjórnar foreldrafélags.
- Skýrsla um sjálfsmat í Menntaskólanum að Laugarvatni árið 2016.
- Ársskýrsla Menntaskólans að Laugarvatni 2017.
- Skólanámskrá Menntaskólanum að Laugarvatni, núverandi.
- Skólasamningur Menntaskólans að Laugarvatni og mennta- og menningarmálaráðuneytis 2017-2020.
- Viðtal við formann skólanefndar.